

um að rannsaka aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar í Nauteyrarhreppi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela raforkumálaskrifstofunni að rannsaka aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar fyrir byggðina í Skjaldfannardal í Norður-Ísafjarðarsýslu og Langadalsströnd, nánar til tekið bæina Skjaldfönn, Laugaland, Laugarás, Ármúla I og II, svo og bæina Vonaland, Melgraseyri, Hamar, Hallsstaði, Hafnardal, Nauteyri, Rauðamýri og Tungu.

Skal rannsókn þeirri, er í tillögunni greinir, vera lokið, áður en næsta Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Byggðarlag það, sem um ræðir í tillögunni, er þannig sett, að það mun tæpast geta fengið raforku frá samveitukerfi ríkisins. Þess vegna ber að rannsaka hið fyrsta, hvort hagkvæm skilyrði séu fyrir hendi til vatnsaflsvirkjunar á þessum slóðum eða ekki.

Frá leikmanns sjónarmiði virðast virkjunarskilyrði vera álitleg í utanverðum Nauteyrarhreppi, og koma þar ýmis vatnsföll til greina.

Sérfræðiathugun virkjunarskilyrða þarf í fyrsta lagi að heinast að því, hvert þessara vatnsfalla hafi upp á hagkvæmust virkjunarskilyrði að bjóða, í annan stað að skera úr, hve mörg býli á þessum slóðum geti fengið raforku frá sameiginlegri virkjun og í þriðja lagi, hver þeirra hefðu e. t. v. bezt skilyrði til sérvirkjana. — Þá þarf sérfræðiathugun að sjálfsögðu einnig að heinast að kostnaðarhlið þessara virkjunarframkvæmda, ef til kæmi.

Þau vatnsföll, sem til greina gætu komið til virkjunar fyrir bæina í Skjaldfannardal, eru einkum Traðarlækur og Bæjará, e. t. v. saman, þar eð á milli þeirra eru aðeins 150—200 metrar. Þar er fallhæð ágæt, en vatnsmagn takmarkað.

Öruggt má telja, að þarna sé næg orka fyrir bæina Skjaldfönn, Laugaland og Laugarás. Úr hinu þarf að skera með athugun, hvort sú virkjun gæti einnig séð bæjunum Ármúla I og II, Vonalandi og Melgraseyri fyrir nægri raforku.

Reynist vatnsmagn Traðarlækjar og Bæjarár ekki nægilegt, ber að rannsaka virkjunarskilyrði Selár hjá Selfossi. Þar er orkumagnið ekki rannsóknarefni, heldur miklu fremur leiðslukostnaður orkunnar.

Hraundalsá kemur sennilega ekki til álita.

Auk þeirra vatnsfalla, sem nú hafa verið nefnd, er það álit flutningsmanna, að einnig beri að athuga virkjunarskilyrði Kaldár, sem virðist hafa góð miðlunarskilyrði í Kaldárvatni og ágæta fallhæð, svo og virkjunarskilyrði Blævardalsár, sem kemur úr Mávavötnum og virðist einnig hafa upp á líkleg virkjunarskilyrði að bjóða. Sú á fellur til sjávar milli bæjanna Hamars og Hallsstaða, og kæmi til álita að virkja hana fyrir þá bæi og Hafnardal, eða jafnvel fyrir allan ytri hluta Nauteyrarhrepps. Æskilegt er, að einnig verði rannsökuð virkjunarskilyrði Hafnardalsár, Þverár og Hvannadalsár.

Á því svæði, sem um ræðir í tillögu þessari, eru ýmsar góðar bújarðir og sumar ágætar. Þá er í Skjaldfannardal gnægð jarðhita, og hefur þar nú verið reist garðyrkjunýbýli, sem e. t. v. er hið nyrzta í heimi. Jarðhiti er einnig innar á Langadalsströnd.

Með tilliti til þess, er nú var sagt, svo og álitlegra skilyrða til vatnsaflsvirkjana í þessu byggðarlagi, leggja flutningsmenn áherzlu á, að rannsókn sú, er í tillögunni greinir, verði framkvæmd, áður en næsta Alþingi kemur saman.